

Alþingi
Erindi nr. P 143/960
komudagur 6.2.2014

Reykjavík 6. 2.2014

Til nefndasviðs Alþingis

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Orkustofnun, nr. 87/2003, og lögum um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis, nr. 13/2001, með síðari breytingum (niðurlagning orkuráðs). (Lagt fyrir Alþingi á 143. löggjafarþingi 2013–2014.)

Undirritaður hefur farið yfir þær breytingar sem boðaðar eru í umræddu frumvarpi og sér ekki annað en að þessi breyting sé til einföldunar og bóta.


Eitt atriði má þó má benda á. Í athugasemdum við lagafrumvarpið stendur um 2.gr: „Gert er ráð fyrir því að umsóknir til Orkusjóðs þurfi að fara í rýni hjá sérfræðingum Orkustofnunar.“ Þetta kemur hvergi fram í lagatextanum, hvorki í hinum upprunalega né hinum breytta. Ég legg því til að 6.mgr í 8. grein laganna hljóði svo:

Ráðherra skipar þrjá menn í úthlutunarnefnd Orkusjóðs til fjögurra ára, þar af skal einn skipaður formaður. Orkustofnun skal sjá um að óháð faglegt mat fari fram á umsóknum í sjóðinn áður en þær fara til úthlutunarnefndar. Úthlutunarnefnd skal gera tillögur til ráðherra um lánveitingar og einstakar greiðslur úr Orkusjóði samkvæmt fjárhags- og greiðsluáætlun sjóðsins.

Þessi breyting sem hér er lögð til ætti að tryggja að faglegt mat fari fram á gæðum einstakra umsókna til sjóðsins áður en úthlutunarnefndin gerir sínar tillögur. Hún tiltekur einnig að Orkustofnun skuli sjá um að slíkt mat fari fram en ekki endilega með sínum eigin sérfræðingum heldur leiti stofnunin slíks mats hjá þeim sem eru hæfastir hverju sinni, innan eða utan Orkustofnunar.

Þá má líka velta upp þeirri spurningu hvort eðilegt sé að ráðherra úthluti úr sjóðum að fengnum tillögum úthlutunarnefndar eins og frumvarpið og gildandi lög gera ráð fyrir. Úthlutunarnefndin er í eðli sínu pólitísk og er væntanlega ætlað að forgangsraða umsóknum með tilliti til gæða umsókna og orkupólitískra sjónarmiða á hverjum tíma. Það er því spurning hvort nefndin ætti ekki að vera endanlegur úthlutunaraðili fremur en ráðherra. Ef ráðherra á að vera endanlegur úthlutunaraðili má spyrja hvort úthlutunarnefndin sé ekki óþörf; Orkustofnun gæti þá allt eins lagt mat á umsóknirnar og gert tillögurnar til ráðherra og nefndakostnaður lækkaði.

Virðingarfyllt



Ólafur G. Flóvenz
forstjóri